



Ársfundir byggðasamlaganna

Ár 2020, föstudaginn 13. nóvember, voru haldnir ársfundir byggðasamlaganna í borgarstjórnarsal Ráðhúss Reykjavíkur, í fjarfundabúnaði og hófst kl. 12:00.

1. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins.

Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri fór yfir ársskýrslu slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og verkefni ársins.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Vigdís Hauksdóttir og Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúar í Reykjavík tóku til máls undir þessum lið.

2. Sorpa.

Líf Magneudóttir stjórnarformaður Sorpu kynnti skýrslu stjórnar og fór yfir verkefni Sorpu, stöðu verkefna, málefni GAJA og hvað er á döfinni hjá Sorpu. Helgi Þór Ingason, framkvæmdastjóri Sorpu og Guðrún Eva Jóhannesdóttir sátu jafnframt fyrir svörum undir þessum lið.

Sveinn Óskar Sigurðsson, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ og Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík tóku til máls undir þessum lið.

3. Strætó.

Hjálmar Sveinsson stjórnarformaður Strætó, fór yfir starfsemi Strætó á árinu og áhrif COVID-19 og samkomutakmarkana á rekstur og fjárhag Strætó. Kynnt var efni nýrrar fargjaldastefnu og breytingar á leiðakerfi með áherslu á stofnleiðir.

Jóhannes S. Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó fór yfir ársskýrslu Strætó og rekstrarafkomu fyrirtækisins.

Sveinn Óskar Sigurðsson, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ og Kolbrún Baldursdóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir og Eyþór Laxdal Arnalds borgarfulltrúar í Reykjavík tóku til máls undir þessum lið.

Fundi lauk kl. 13.30